


Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi, auka herbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar flísalagðar svalir með svalaskjóli. Allar innréttingar eru úr eik. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinnrétting með borðkrók, tvískiptur ísskápur (kælir og frystir), eldavél með keramik helluborði, gufugleypir, blástursbakaraofn í borðhæð og uppþvottavél. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er eikarparket nema á baðherbergi þar er öryggisdúkur með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði. Veggir á baðherbergi eru dúkagðir. Salerni er

upphengt með stuðningshöldum og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og barkalausum þurrkara. Í svefnherbergi og forstofu eru fataskápar. Sólbekkir eru í gluggum. Rennihurðir úr eik eru inn á baðherbergi og svefnherbergi. Innangengt er úr baðherbergi inn í svefnherbergi. Innfeld halogenlýsing er í loftum nema á baði þar er ljóskúpull og ljósstæði undir efri skápum í eldhúsinnréttingu. Geymsla, hjóla- og rafskutlugeymsla er á jarðhæð ásamt sameiginlegu þvottahúsi og samkomusal. Allar íbúðirnar eru búnar myndavéladyrasíma.


BOÐAÞING 24

Hæð í húsi	Íbúð númer
1. hæð	104
2. hæð	207
3. hæð	307
4. hæð	407
5. hæð	507



BOÐAÞING 22

BOÐAÞING 24



Naustavör er
dótturfélag
Sjómannaðagsráðs

NAUSTAVÖR

Öryggi | afþreying | þjónusta

sími: 585 9300 netfang: naustavor@naustavor.is
www.naustavor.is www.slettan.is